



Viðskiptasamningar við Sovétríkin 1948

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkismál – Viðskiptasamningar – Sovétríkin - 1948

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 13. janúar símaði ráðuneytið sendiráðinu til þess, að samninganefnden fóru, hefði verið af langan tíð, ófara þó ekki um ófærtum ófærilegum þjórum varð Viðskiptasamningar við Sovietríkin, 1948.

og hengju þóðum.

Hinn 2. desember 1947 símaði ráðuneytið sendiráðinu í Moskva um, að ríkisstjórnin hefði áhuga á að taka upp samninga við Sovietríkin, sem allra fyrst, um framleiðslu 1948, í svipuðu formi og undanfarið ár, og var sendiráðinu falið að spyrja hlutaðeigandi yfirvöld, hvenær hægt væri að hefja samnina, og hvort samningamenn gætu komið hingað.

Það var ekki fyrr en 9. des., að sendiráðið náiði viðtali við utanríkisverzlunarráðuneytið um málið, og var þá lofað fljótu svari.

Hinn 20. des. símaði ráðuneytið sendiráðinu, að ríkisstjórnin gæti ekki tekið við rússneskri sendinefnd héðan af fyrir jól, en væri reiðubúin að taka við nefndinni strax á nýárinu. Var sendiráðinu falið að reyna að hraða svörum um komu nefndarinnar.

Hinn 18. des. bað verzlunarfulltrúi Sovietríkjanna hér, Samninganefnd utanríkisviðskipta um tilboð í 2000 tonn af vetrarlyðsi, án tilvitnunar um samninga.

Hinn 30. des. var honum svarað, að ekki væri hægt að selja lýsið sérstaklega, en buðum jafnframt að taka upp almennar samningaviðræður áð svipuðum grundvelli og árið áður, eða ef Rússa vildu ekki taka upp almennar samningaviðræður þá þegar, að komið gæti til tals, að ræða við þá um sameiginlega sölu á vetrarlyðsi og ákveðnu magni af freðfiski.

Hinn 6. janúar símaði sendiráðið í Moskva, að það hefði talað við utanríkisverzlunarráðuneytið, og væri málið í undirbúningi, og líklegt að það drægist eitthvað um svör, sökum anna. Talið að hægt verði að senda samninganefnd til Reykjavíkur.

Hinn 13. janúar símaði sendiráðið, að með skírskotun til þess, að samningaumleitanir í fyrra, hefðu tekið of langan tíma, óskuðu þeir nú að fá lista yfir magn og tegundir þeirra vara, sem Íslendingar vildu selja til Sovjetríkjanna, og kaupa þaðan.

Hinn 26. janúar var þessi listi sendur í sí-mskeyti.
Íslenzkar vörur: 1) 10.000 tonn hraðfrystur fiskur, þó ekki yfir 33 1/3% af heildarframleiðslunni. 2) Allt að 8.000 tonn af lýsi, tengt við freðfisksöluna, engum boðið lýsi sérstaklega. 3) Allt að 40% af vetrarframleiðslu 1947 - 1948 og sumarframleiðslu 1948. 4) 50% af sumar-framleiðslu af salt-síld, maximum 125.000 tunnar. 5) 3 - 4.000 tonn þorskalýsi. 6) 3.000 tonn hraðfryst Faxasíld. 7) 5.000 tonn saltfiskur. 8) 1.000 tonn hraðfryst þunnildi.
Vörur frá Rússum: 1) 20.000 tonn kol. 2) Hveiti, 5.000 tonn. 3) Rúgur 4.000 tonn. 4) Hafrar 1.400 tonn. 5) Hrísgljón, 350 tonn. 6) Fóðurmjöll, 15.000 tonn.

Hinn 14. febrúar bað ráðuneytið sendiráðið í Moskva enn á ný, að spyrjast fyrir um hvað málínus liði og hvenær samningar gætu hafizt.

Hinn 9. mars ítrekaði ráðuneytið enn á ný fyrirmáli sín til sendiráðsins um að reyna að rekja á eftir svari.

Hinn 1.. mars símaði sendigulltrúinn í Moskva, að hann hefði gert allt, sem hægt væri til að flýta samningaumleitnum. Í viðtali við Popof, yfirmanns Norðurlandadeildanna, 17. febrúar, var sendigulltrúanum kurteislega bent á, að ekki væri um annað að ræða, en bíða þar til viðkomandi stjórnarvöld hefðu tekið ákvarðanir sínar. Nokkrum dögum síðar fékk sendigulltrúinn nákvæmlega sama svar.

Hinn 16. apríl var Popof ekki til viðtals vegna veikinda, og þegar sendigulltrúinn óskaði viðtals við fulltrúa hans, fékk hann þau svör, að Popof óskaði að viðtalið biði þangað til hann væri albata.

Hinn 3. maí símaði ráðuneytið sendiráðinu og fóli því að skrifa utanríkisverzlunarráðuneytinu bréf um, að ríkistjórnin óskaði eindregið að byrja nú viðskiptaumleitanir við Sovietríkin, en vegna þess hve dráttur hefði orðið mikill, og með tilliti til þess, hve vetrarvertiðin hefði gengið illa, yrði nú að semja á öðrum grundvelli en samkvæmt vörulista þeim, sem sendur var 26. janúar.

Hinn 12. júní símaði sendimáltrúinn í Moskva, að hann hefði talað við utanríkisverzlunarráðuneytið þann dag, en fékk engar nýjar fréttir. Popof taldi æskilegt að fá upplýsingar um breytingar á vörulistanum, og áleit að það mynda flýta málinu.

I byrjun ágúst mánaðar snéri Mr. Pantchinko sér til utanríkisráðuneytisins, og tilkynnti, að hann hefði fengið fyrirmæli um, að bera fram ákveðið tilboð um vöru-skipti milli Íslands og Sovietríkjanna, þannig, að þeir vildu kaupa 5.000 smálestir af síldarlýsi og selja timbur og krossvið.- Aðspurður, hvort þeir vildu ekki kaupa aðrar íslenzkar vörur, eins og saltsíld, eða selja korn, kvaðst hann engin fyrirmæli hafa paraðlútandi, en korn væri þó á listanum yfir útflutningsvörur.- Þessari fyrirspurn var svarað þannig, að íslenzk stjórnarvöld hefðu tryggt sér nóg timbur fram á næsta ár, og að framleiðsla á síldarlýsi myndi verða með minnsta móti. Ef íslenzk stjórnarvöld síðar á árinu kynnu að hafa til ráðstöfunar eitthvað magn af síldarlýsi, væri hugsanlegt að þau hefðu áhuga á að selja það með freðfiskinum á móti kaupum á brýnum neuðsynjavörum, eins og t.d. kornvörum.

Um svipað leyti var Sovietríkjunum boðin 8.000 tonn af freðfiski.- Þeir svöruðu að þeir óskuðu ekki að kaupa. I september mánuði ítrekaði Mr. Pantchinko vöruskiptahug-myndina á síldarlýsi gegn timbri og krossvið, en honum var svarað á sömu lund og áður, að nægilegt timbur væri fyrirliggjandi, en að áhugi myndi sennilega verða fyrir slíkum

vöruskiptum síðar, ef síldarlysi yrði þá fyrir hendi.

Hinn 27. ágúst tilkynnti sendifulltrúinn í Washington, að hann hefði átt viðtal við Popof um samningana, og hefði Popof í samtalinnu vafist mjög tunga um tönn. Klst. síðar setti Popof sig í samband við sendifulltrúann, og lýsti hryggð sinni yfir, hversu lengi hefði dregist, að taka ákvarðanir um samningaviðræður, og minnti á, að í júní mánuði hefði hann óskað eftir breytingum á vörulistanum, og mætti líta á, að hinn langi dráttur stafaði að nokkru leytti af misskilningi, því Íslendingar hefðu ekki gefið upplýsingar um breytingarnar, og væru Sovietríkin að bíða eftir svörum frá Íslandi. Sendifulltrúinn svaraði því, að varla gati verið um misskilning að ræða, því ákvörðun um samningaumleitanir þyrfti ekki endilega að vera háð því, að endurskoðaður vörulisti lagi fyrir.

Samkvæmt fyrirspurn Mr. Pantchinko í september máð., voru honum hinn 23. s.m. gefin eftirfarandi tilboð:
(Nýr vörulist) 1) 940 tonn hvallysi. 2) 470 tonn af steinbít.
3) 470 tonn borskflök.

Hinn 29. sept. svaraði Mr. Pantchinko, að Sovietríkin hefðu ekki áhuga fyrir þessum vörukaupum, og er það síðasta sem gerst hefur í viðskiptamálum við Sovietríkin.